



Byggða- og húsakönnun

Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags

Byggða- og húsakönnun er byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda. Eftir aðstæðum getur könnunin tekið til sveitarfélagsins alls eða hluta þess þannig að yfirsýn fæst yfir bæi, bæjarhluta, hverfi, reiti, húsaþyrpingar eða einstök hús. Hún nær til athugunar á landslagi, sögu og byggingarlist tiltekinna svæða sem eru hvort tveggja í senn sérstök og einkennandi fyrir bæjarumhverfi þéttbýlisins.

Tilgangur byggða- og húsakönnana er sá að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Könnunin tekur til núverandi aðstæðna en litið er til baka til að útskýra þær.

Niðurstöður könnunar eru notaðar til að móta stefnu um vernd sérstakra gæða byggðar og einstakra húsa og til að móta bæjarumhverfi í framtíðinni.

Sveitarstjórnnum hafa verið falin völd, ábyrgð og frumkvæði í skipulags- og byggingarlögum nr. 73 28. maí 1997 hvað varðar vernd þeirra umhverfisgæða sem falist geta innan marka sveitarfélagsins sbr. 9. gr. laganna um hverfisvernd. Gæðin geta verið af margvíslegum toga og m.a. falist í einstökum húsum, samstæðum húsa, götummyndum eða bæjarhlutum, sem hafa mikið umhverfislegt, menningarsögulegt og/eða byggingarlistarlegt gildi þó svo að ekki sé talin þörf á friðun samkvæmt lögum um húsafríðun. Slík gæði getur sveitarstjórn verndað með því að afmarka tiltekin svæði í aðal- og deiliskipulagi með beitingu ákvæða skipulags- og byggingarlaga um hverfisvernd.

Svo unnt sé að afmarka tiltekin svæði á aðalskipulags- og/eða deiliskipulagsupprætti sem njóta eigi hverfisverndar þarf að styrkja frekar en orðið er vinnu á þessum skipulagsstigum sem hefur það að markmiði að lýsa og greina þessi sérkenni og móta stefnu um framtíð þeirra.

Fyrri hlutinn, byggðakönnun, er unninn samhliða gerð aðalskipulags og hefur að markmiði að móta stefnu sveitarfélags um verndun byggðar og húsa sem sérstakt gildi hefur fyrir sveitarfélagið.

Seinni hlutinn, húsakönnun, er unninn samhliða gerð deiliskipulags og hefur að markmiði að útfæra nánar og staðfesta verndun sveitarfélags á einstökum svæðum, heildum, götummyndum og húsum vegna umhverfislegs, menningarsögulegs og/eða byggingarlistarlegs gildis þeirra.

Fyrri hluti

Byggðakönnun

Könnun og greining bæjarumhverfis er gerð á vettvangi þar sem stuðst er við upplýsingar um sögu og staðfræði t.a.m. við stefnumörkun um varðveislu byggðar, vegna menningarsögulegra og/eða umhverfislegra gæða, í aðalskipulagi.

Könnun tekur til bæjarmyndar, leifa elstu byggðar og gatnakerfis, landslags, göturýma eða útsýnis. Byggingarlistarleg greining og mat á sérkennum og gæðum bæjarumhverfis tekur mið af heildarsvipnum, sem t.d. getur falist í ákveðinni byggð, húsaröðum, kirkju og torgi, en á þessu skipulagsstigi að jafnaði ekki til byggingarlistar einstakra húsa.

Könnun á mati byggðar með tilliti til hverfisverndar má skipta í þrjá þætti: ríkjandi þætti, byggðamynstur auk einstakra göturýma og áberandi húsa:

- *Ríkjandi þættir* eru áberandi sérkenni og rýmismynstur bæjar, ýmist í bænum sjálfum eða milli hans og umhverfis hans. Þessir þættir geta verið bæjarmynd, ásýnd byggðar og landslags, aðalgatnakerfi eða þá áberandi byggingar, kennileiti, göturými, torg eða opin svæði.
- *Byggðamynstur* er þrívíddarlegt mynstur, fyrirkomulag byggðar, sem til verður úr því sem byggt er og rýmisisins þar á milli (byggingar og götur), stærðar reita (sem gatnakerfið afmarkar) og stefnu (afstöðu til átta). Hver bær, bæjarhluti, eða reitur getur haft mismunandi byggðamynstur sem ræðst af götum, stígum, torgum, opnum svæðum, lóðastærð og fyrirkomulagi og gerð húsa.
- *Einstök göturými og áberandi hús* vegna staðsetningar, gerðar eða útlits. Sem dæmi má nefna hús við enda götu, við torg eða á hæð í bænum, eða hús sem sökum stærðar, forms eða hæðar eru kennileiti. Fjallað er um húsinn með hliðsjón af gildi þeirra fyrir svipmót og byggingarlist bæjarins.

Aflað er margvíslegra upplýsinga um staðfræði, sögu og þróun bæjarumhverfis t.d. í ritum um byggðasögu, gömlum og nýjum kortum og ljósmyndum. Fyrir allmarga þéttbýlisstaði hafa verið samdar bækur um byggðasögu og í skipulagsgreinargerðum eru oft ágætar lýsingar á byggðaðróun viðkomandi staðar. Heimildaöflun, könnun og greining bæjarumhverfis getur tekið til margra mismunandi þátta allt eftir eðli þeirrar byggðar sem verið er að fjalla um hverju sinni. Eftirfarandi efnisatriði eru sett fram til þess að vekja athygli á hinum fjölbreytilegu þáttum byggðar sem kunna að koma til skoðunar í fyrrnefndum þremur þáttum vegna hverfisverndar byggðar. Það er hins vegar metið í hverju tilfelli fyrir sig hvaða efnisatriði eigi að taka til skoðunar:

Staðfræði

- *Áberandi landslagseinkenni* eru mikilvæg til að skilja og útskýra bæjarumhverfi. Landslag getur verið mótað af náttúrulegum þáttum eða átt sér menningarsögulegar útskýringar. Víða getur að líta samspil þessara tveggja þátta og nægir í því sambandi að benda á uppfyllingar við marga fjarðabæi. Elsta byggðin er í hlíðinni með fram ströndinni en iðnaður og atvinnusvæði önnur á uppfyllingu. Lækjarfarvegir, sem geta verið áberandi í hlíðarbyggðinni, eru settir í ræsi í uppfyllingunni og hafa lítt áhrif á byggðina þar.
- *Hvernig verður landslag sýnilegt* eða á hvaða hátt er það nýtt í bæjarumhverfinu? Eldri byggð getur verið undir fornum sjávarbakka en yngri byggð ofan hans.
- *Landslag* er gert sýnilegt með hjálp hæðarlína og með þverskurðum. Skurðmynd í gegnum byggðina, t.d. frá sjó og upp fyrir byggð, getur sýnt vel landslagseinkenni og mismunandi stærðir og form húsa.
- *Skil milli bæjarumhverfis og náttúrulegs umhverfis* geta verið skýr vegna andstæðna sem felast í grónu bæjarumhverfi og berangurslegri náttúru. Varnargarðar t.d. vegna sjávarflóða, skriðu- eða snjóflóðahættu geta markað skil á milli byggðar og náttúru.
- *Skil milli byggðar og vatns* (sjávarströnd, stöðuvatn, tjörn, mýri).
- *Skil vegna samgöngumannvirkja og veitna* (vegur, brú, flugvöllur, höfn, háspennulínur).
- *Ásýnd byggðar* í landslagi getur t.d. verið sú að götur og hæð húsa fylgi hæðarlínum. Stórar

eða háar byggingar geta hins vegar rofið þetta samhengi til góðs eða ills. Trjágróður getur einnig verið áberandi í ásýnd byggðar.

- *Græn svæði* (skógur, skrudgarður, útivistarsvæði).
- *Veðurfar og hættur*. Eftir aðstæðum og tilefni er gerð grein fyrir ríkjandi vindáttum, veðurfari, snjóalögum og hættum sem geta stafað að vatnsflóðum, snjóflóðum og skriðuföllum.

Sagnfræði

- *Gömul kort eða teikningar* geta sýnt fyrirkomulag byggðar í landslagi.
- *Stærð og gerð lóða* má rekja með samanburði á elstu kortum og nýjum kortum af byggðinni. Lóðirnar setja byggðinni ýmsar skorður og þeim húsum sem á þeim byggjast.
- *Byggingarsvæði* ákveðinna tímabila er vitnisburður um sögulega þróun bæjar. Landnotkun, nýting og húsagerðir voru mismunandi á hinum ýmsu tímabilum. Verslun, iðnaður og þjónusta voru t.d. á íbúðasvæðum um og eftir aldamótin 1900. Gróf aldurgreining byggðar/húsa er sett fram á korti.
- *Sérhæfð landnotkun* sem einkennir ákveðin svæði – miðbæjarsvæði, íbúðasvæði og iðnaðarsvæði.
- *Gatmakerfi* elsta hluta bæjarins getur átt sínar rætur í atvinnu- og verslunarháttum t.d. götur beint upp af bryggjum sem sjálfar geta verið löngu horfnar.
- *Byggingarsaga* sveitarfélags getur einkennst af byggingum ákveðinna tímabila og má draga fram slík dæmi til að sýna söguna í hnotskurn.
- *Göturými*, gata eða torg, sem vegna sögulegra atburða er mikilvægt fyrir sveitarfélagið eða bæjarhluta.

Byggingarlist bæjarumhverfis

- *Tengsl landslags og rýmis*. Fjallað er um tengsl milli atriða sem varða staðfræði og rýma bæjarumhverfis. Þetta á einkum við um mörk eða skil milli bæjar og vatns og lands, landslag og vatnsföll og þá möguleika sem geta falist í því.
- *Samtengjandi þættir* eru meginlínur í landslagi, sjónlínur sem eru hluti af bæjarumhverfi og göturými svipaðrar gerðar innan svæðis eða hverfis. Húsarlínur við götu, hæð húsa, götumynd og yfirborð gatna geta einnig myndað samtengjandi þætti.
- *Skil milli svæða* eru t.d. þar sem mætast bær og ytra umhverfi hans, bær og sjór, eða þar sem á eða fljót eða umferðargata skiptir bæ í sundur. Skil geta einnig orðið milli tveggja svæða bæjar vegna mikils munar á hinu byggða umhverfi. Slíkan mun má jafnan rekja til mismunandi skipulagssjónarmiða eða húsagerða sem einkenna ákveðin tímabil.
- *Spor eldri byggðar* geta orðið sýnileg vegna þess að eitt eða fáein hús hafa varðveist eða vegna þess að hús sem áður var utan byggðar er nú umkringgt yngri húsum. Slík hús geta verið vitnisburður um eldri byggð og haft bæði menningarsögulegt og listrænt gildi. Yngri byggð í eldra hverfi getur verið til vitnis um bruna.
- *Snertifletir milli eldri og yngri byggðar* geta verið sýnilegir vegna nýrra húsa sem byggð eru inn í eldri götumynd t.d. vegna niðurrifs eða bruna eldra húss. Snertifletir geta einnig falist í því að hús við sömu götu sem eru frá svipuðum tíma hafa mismunandi svipmót vegna þess byggingarstíls sem þau tilheyra.
- *Stærðarhlutföll* milli þeirra þátta sem mynda bæjarumhverfi, t.d. hæð, lengd og breidd húsa eða hlutföll milli húsa og rýmis á milli þeirra. Litið er til þess hvort stærðarhlutföll séu góð eða slæm, skiljanleg eða óskiljanleg.
- *Opnanir, hæðarmunur, skil, öxull, stefnur, húsarlínur, húshæðir, götumyndir, byggingarhlutar, yfirborð göturýma o.fl.* eru þættir sem eru hlutar af byggingarlist bæjarumhverfis sem þarf að skoða og meta.
- *Rýmismyndandi þættir* í bæjarumhverfi geta verið byggingar, tré eða stórar einingar sem mynda rými – göturými, torg eða opið svæði. Þessir þættir geta einnig verið götugögn af öllu tagi t.d. höggmyndir, yfirborð göturýma, lýsing o.fl.
- *Tengsl milli rýma* geta ýmist verið tengsl eins rýmis og aðlægs rýmis eða hvort rými bæjarins séu tengd innbyrðis eða ekki.
- *Sjónlínur og útsýni* í bæjarumhverfi eru t.d. eftir götum eða göturýmum eða eftir götum eða stígum sem liggja þvert á aðrar götur, eða eftir götum eða milli húsa út í náttúruna

- umhverfis bæinn.
- *Kennileiti* eru hús, turnar, kirkjuturnar, trjágróður, minnisvarðar eða landslagseinkenni sem ber meira á en öðru og eru af þeim sökum meira áberandi í bæjarumhverfi en aðrir hlutar þess. Kennileiti geta auk þess verið öxulmyndandi.

Niðurstöður byggðakönnunar

Niðurstöður könnunar og greiningar bæjarumhverfis eru settar fram í texta, ljósmyndum og kortum allt eftir eðli og tilgangi könnunar hverju sinni. Niðurstöður geta falið í sér heildarstefnumörkun varðandi umhverfismat sveitarfélagsins og þá ekki síst stefnumörkun um vernd byggingararfsins í aðalskipulagi, með t.d. afmörkun einstakra svæða, ákveðinna götumynda, húsaþyrpinga eða, eftir atvikum einstakra húsa, sem njóta eigi hverfisverndar, þannig að tryggt verði að sögulegt samhengi og svipmót gróinna hverfa og bæjarhluta, verði ekki raskað. Sett eru fram markmið um hverfisvernd sérkenna byggðar og byggingararfs. Í deiliskipulagi er hverfisvernd útfærð nánar eftir að niðurstöður húsakönnunar liggja fyrir.

Seinni hluti

Húsakönnun

Seinni hluti byggða- og húsakönnunar snýst um að leggja mat á varðveislugildi byggðar út frá stefnumörkun í aðalskipulagi og þá sérstaklega út frá mikilvægi einstakra húsa innan hennar við gerð deiliskipulags. Skál í þessu samhengi sérstaklega bent á ákvæði í 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73, 28 maí 1997 en þar segir: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal samhliða gerð bæja- og húsakönnun er höfð skal til hliðsjónar við gerð tillögunnar.“

Varðveislugildi húsa getur verið mjög mismunandi eftir því hvort litið er til mikilvægis húss fyrir umhverfi þess eða til varðveislusjónarmiða með tilliti til menningarverðmæta. Við húsakönnun er fyrst og fremst litið til mikilvægis hvers húss fyrir umhverfi sitt og sveitarfélagið og varðveislugildi þess metið út frá því. Ef ástæða er til fjallar Húsafríðunarnefnd um sérstæð hús m.t.t. hugsanlegrar fríðunar.

Við heimildaöflun er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að kanna svæðisbundin sérkenni í húsagerðum sveitarfélagsins. Dregin er fram byggingarsaga sveitarfélagsins með dæmum um einstök hús eða húsagerðir sem einkenna ákveðin tímabil í sögu þess. Slík sérkenni í húsagerð geta m.a. verið til vitnis um útfærslu ákveðins byggingarstíls, tengst mismunandi atvinnuháttum, haft áberandi form eða verið verk einstakra arkitekta eða byggingameistara.

Áður en að vettvangskönnun húsa kemur þarf að kanna menningarsögulegt samhengi og mikilvægi húsa, t.d. vegna sögufrægra atburða sem tengjast þeim. Slíkar upplýsingar eru færðar inn á skráningareyðublað viðkomandi húss.

Það er mikilvægt að hafa í huga við könnun heimilda og vettvangskönnun að varðveislugildi húsa liggur öðru fremur í hversu áberandi og algeng svæðisbundin sérkenni eru. Aftur á móti eru fríðuð hús sérstaklega eftirtektarverð og skera sig úr fjöldanum vegna þess hve einstök þau eru á landsvísu.

Skráningarblöð

Í vettvangskönnun húsakönnunar er fyllt út skráningareyðublað fyrir hvert hús sem metið er. Skráð eru atriði sem varða meginbyggingu. Athugasemdir um viðbyggingar og önnur mannvirki á lóð eru skráðar í sérstaka reiti skráningareyðublaðsins.

Eyðublað fyrir skráningu og mat á varðveislugildi húsa eru á rafrænu formi og er hægt að fá tilheyrandi gagnagrunn hjá Húsafríðunarnefnd. Skráningareyðublaðunum er skipt í tvo megin hluta: Annars vegar eru atriði sem varða grunnskráningu og byggingarsögulegar upplýsingar sem aflað er í skráðum heimildum og hins vegar byggingarlýsing og varðveislumat sem fer fram við vettvangskönnun.

Í reitinn **Grunnskráning** eru m.a. skráðar upplýsingar sem varða heiti húss, götuheiti og húsnúmer, landnúmer og byggingarár.

Í reitinn **Upphafleg gerð húss** eru skráðar upplýsingar um upprunalega gerð hússins, notkun, útlit, stærð og önnur hús eða skúra á lóð með því að haka í viðkomandi reiti. Í flestum sveitarfélögum liggja fyrir stjórnsýsluleg gögn tengd húsbyggingum, svo sem byggingarleyfi, brunavirðingar, húsamat og fasteignamat, sem að öllu jöfnu eru aðgengilegar heimildir. Þar er einnig unnt að setja inn gamla ljósmynd sem sýnir upprunalegt útlit húss. Þar er einnig sett inn ný ljósmynd sem tekin er í vettvangskönnun.

Í reitinn **Helstu breytingar á húsi** eru skráðar upplýsingar um breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu frá upphaflegri gerð þess t.d. viðbyggingar eða breytingar á klæðningarefni, hver hafi teiknað þær og getið heimilda. Þar er einnig unnt að setja inn ljósmynd sem sýnir húsið eftir breytingar. Skráðir eru eingendur hússins og eftir atvikum er saga eða sögulegir atburðir skráðir í reitinn *Stutt saga hússins*.

Í reitinn **Vettvangskönnun - hús** er skráð *Byggingarlýsing ytra borðs meginhúss* með því að haka við efnisatriði sem varða byggingarlýsingu hússins eins og það kemur fyrir sjónir með öllum áorðnum breytingum. Ef atriði sem talin eru upp eiga ekki við er hakað við reitinn *Annað* og í reitinn *Athugasemdir um hús* er skráð viðeigandi lýsing eða athugasemdir um húsið.

Í reitinn **Vettvangskönnun - umhverfi** eru skráð atriði sem varða frágang lóðar og afstöðu hússins til annarra nálægra húsa. Eftir aðstæðum eru skráðar athugasemdir um umhverfi hússins.

Þegar skráningu húss er lokið er lagt **Mat á varðveislugildi** húss út frá gildi þess fyrir byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Við matið er nauðsynlegt að fylla alltaf út viðkomandi reit með athugasemdum eða rökum fyrir hverju mati.

Skráningu húss lýkur með mati á varðveislugildi þess, bæði sem einstaks húss og sem hluti samstæðu húsa. Mat á varðveislugildi húss tekur til:

- *Byggingarlistar* sem metin út frá hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt samspili forms, efnismedferðar og notagildis. Einnig er metið hvort byggingin sé í eðli sínu og út frá staðsetningu góð, miðlungi góð eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem hún flokkast í. Einnig getur verið um að ræða gott höfundardæmi hönnuðar hússins. Þetta mat tekur jafnt til hefðbundinna húsa og þeirra sem teiknuð eru af arkitektum eða öðrum hönnuðum. Matið er miðað við útlit hússins nú, og skal lagt mat á hugsanlegar breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu. Gildi hússins vegna staðbundinnar byggingarhefðar eða gerðar og handverks er metið. Einnig er tekin afstaða til þess hvort fá dæmi séu til um þá byggingargerð sem húsið telst til. Lagt er mat á hvort í húsinu séu dæmi um tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við þann tíma sem húsið er byggt á. Að lokum eru skráðar upplýsingar um sérkenni byggingarlistar hússins og rök fyrir mati á byggingarlist.
- *Menningarsögulegs* gildis byggingar sem m.a. er metið út frá því hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu eða það standi á sögufrægum stað. Einnig er mikilvægi húss metið eftir því hvort það sé nánast eina byggingin á svæði þar sem áður fyrir var nokkur byggð og sé til vitnis um þróun byggðar og starfsemi og líf sem þar var. Gildi hússins er einnig metið eftir sérstæðri upphaflegri notkun þess t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir eða hafa breyst verulega. Að lokum eru skráðar upplýsingar um m.a. hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu.
- *Umhverfisgildis* sem er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götummynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki. Að lokum eru skráðar athugasemdir og rök fyrir mikilvægi hússins í umhverfi sínu.
- *Upprunalegrar gerðar* húss sem er metin út frá athugun á því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist og metið er hvernig tekist hefur til með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar. Einnig er lagt mat á hvernig tekist hefur til með breytingar á húsinu, ef þær hafa verið gerðar, og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins. Hugað er að því hvort samsvörun sé á milli þess sem byggt var og er sjáanlegt í dag og húsið þannig til

vitnis um þá verkmenningu sem ríkjandi var á byggingartíma þess. Að lokum eru skráð rök fyrir mati á varðveislu upprunalegrar gerðar húss eftir hugsanlegar breytingar sem hafa verið gerðar á því.

- *Tæknilegs ástands* á ytra byrði húss sem metið er sjónrænt út frá því hvort því er haldið vel við og enn fremur lagt mat á almennt tæknilegt ástand þess. Hafa ber í huga að tæknilegt ástand húss hefur að jafnaði ekki áhrif á varðveislugildi þess. Að lokum eru skráðar upplýsingar um tæknilegt ástand húss og rök færð fyrir mati.

Varðveislugildi húss er endanlega metið út frá öllum þessum gildum en gildi hússins frá sjónarmiði byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vegur þó þyngst. Að lokum eru færð rök fyrir varðveislugildi hússins.

Niðurstöður húsakönnunar

Niðurstöður úttektar og mats á húsum eru sett fram í texta og ljósmyndum og ekki síst á kortum þar sem sýnt er byggingarefni húsa, byggingarár eða -tímabil og varðveisluflokkar.

Úrvinnsla varðveislumats tekur mið af tilgangi könnunar og stefnumörkun aðalskipulags. Niðurstöður á varðveislumati byggðar og einstakra húsa eru sýndar á korti, húsverndarkorti, þar sem eftirfarandi verndarflokkar eru auðkenndir:

- *Friðuð hús*, hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918 auk húsa sem friðuð eru af menntamálaráðherra, auðkennd með bláum lit (Pantone 286 C).
- *Einstök hús, húsaræðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit (Pantone 185 C).
- *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit (Pantone 102 C).

Önnur kort eru útbúin eftir frekari greiningu á húsum t.d. hvað varðar byggingarefni, aldur og hús sem byggð eru fyrir 1918 og falla undir umsagnarskyldu húsafriðunarnefndar sbr. 6. gr. laga um húsafriðun nr. 104, 31. maí 2001. Útfærsla hverfisverndarákvæða er að undangenginn húsakönnun sett fram í deiliskipulagsupprætti, greinargerð og skýringarupprættum.

Skráningareyðublað og leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana eru unnar af Húsafriðunarnefnd í samvinnu við Minjasafn Reykjavíkur og Minjasafnsins á Akureyri.

Texti: Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt
Ritstjórn: Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður Húsafriðunarnefndar

Í ritnefnd með ofanefndum sátu Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður og Hanna Rósa Sveinsdóttir Minjasafni Akureyrar.

6. október 2009